

Úrval Stórvals



Morgunblaðið/Valdís Thor

Leitandi „Þar birtist hinn sjálfmenntaði Stórval sem leitandi listamaður – næmur fyrir áhrifum úr umhverfinu og þá ekki síst hræringum í myndlist – og nokkuð tilraunakenndur í efnistöfum og viðfangsefnum.“

MYNDLIST

Gallery Turpentine
Stórval – Yfirlitssýning

Opið þri.-fö. kl. 12-8, lau. kl. 12-17.
Ókeypis aðgangur.

Á þessu ári eru öld liðin frá fæðingu Stórvals – Stefáns Jónssonar frá Möðrudal – og af því tilefni hefur Gallerí Turpentine opnað yfirlitssýningu á verkum hans. Eftir Stórval, sem einkum er kunnur fyrir bernsk málverk af Herðubreið og hestum, liggur talsverður fjöldi verka sem rúmost auðvitað ekki á einni sýningu en aðstandendur gallerísins hafið tekið þann pól í hæðina að sýna verk frá upphafi málaraferilsins (elstu verkin er frá 1948) þegar Stórval er að leita að sínum tóni, og svo breiddina á ferlinum til ársins 1992, fremur en að sýna eingöngu vinsælustu verkin (Herðubreið og hrossin).

Því kann sýningin að koma mörgum á óvart því þar birtist hinn sjálfmenntaði Stórval sem leitandi lista-

maður – næmur fyrir áhrifum úr umhverfinu og þá ekki síst hræringum í myndlist – og nokkuð tilraunakenndur í efnistöfum og viðfangsefnum. Nefna má að á sýningunni getur að líta eitt verk sem minnir á geómetrísku afstraksjón og önnur sem leiða hugann að „nýja málverkinu“, eða einkennast af expressjónískum dráttum. Sum verkanna, einkum þau sem eru á mörkum hins óhlutbundna (líkt og mörg Herðubreiðarverkanna vissulega eru), minna á verk þekkra atvinnumanna, gott ef ein Herðubreiðin hverfur ekki inn í mystískt litaflámi, dálítið í anda verka sumra bandarískra málara á 6. áratug síðustu aldar. Eitt verkanna, sem er fígúratíft, er unnið með úðabrúsa í anda graffitís. Stórval málaði gjarnan á það sem hendi var næst og er efnisáferð verkanna því býsna fjölbreytt.

Viðfangsefnin eru einnig af ýmsum toga og frá ólíkum stöðum á landinu. Aðeins einn veggur er til-

einkaður hestamyndum og annar Herðubreiðarverkum. Önnur verk skírskota til mismunandi náttúruforma en öll bera þau vitni sérstæðri form- og litaskynjun. Bestu verk Stórvals miðla innleika, ferskleika og skapandi hvatvísi sem fáum er gefið. Þótt hann hafi orðið fyrir áhrifum frá Kjarval og fleiri málurum, þá er sýn Stórvals samt sem áður frumleg og hefur sjálfsagt hrifið ýmsa listamenn.

Upphenging verkanna er skemmtilega „gamaldags“ og í anda Stórvals. Á einum vegg er sýning á ljósmyndum eftir Einar Fal Ingólfs-son af listamanninum glöðum í bragði á vinnustofunni, að „signera“ málverk sem bandaríski ljósmyndarinn og safnari bernskrar myndlistar, Mary Ellen Mark, hafði nýverið fest kaup á. Persónuleiki Stórvals kemur þar glöggt fram við aðstæður þar sem hann var í essinu sínu – athafnasamur og umlukinn myndum.

Anna Jóa

Eftir gula veginum

MYNDLIST

101 gallerí

Jóna Hlíf Halldórsdóttir
★★★★☆

Opið fimmtudag til laugardags kl. 14-17. Sýningu lýkur 15. ágúst. Aðgangur ókeypis.

JÓNA HLIÐ HALLDÓRSDÓTTIR er ung listakona sem hefur verið virk í myndlistarlífinu á Akureyri undanfarnin ár og hefur nú innrás sína til höfuðborgarinnar með einkasýningu í 101 gallerí sem hún nefnir *Aðlögun*, auk þess að fyrir liggur sýning í D-sal Listasafns Reykjavíkur á næstunni.

Meginþema sýningarinnar er leikur með form. Þetta er hornlagður partíhatur sem listakonan lagar að rýminu í ýmsum útfærslum. Málað með gulu á gólf virðist formið sem fjarvídarteikning, líkt og guli vegurinn sem liggur til Oz og við enda

hans glitrandi glimmertjald sem hylur endavegginn að undanskilinni sjálfsmýnd listakonunnar sem, líkt og galdrakarlinn í ævintýrinu fráega, felur sig á bak við grímu. Á ferðalagi eftir gula veginum kynnist maður tveimur ungmönnum. Annað þeirra birtist í myndbandi með umrætt form lagað að andliti sínu svo hann líkist einna helst kráku (eins og þær birtast í teiknimyndum) en hinn, einhverskonar trúður, hefur verið festur á ljósmynd með formið á milli fótanna eins og nýstárlegt hjálparkæki ástarlífsins. Í þrívíðri yfirstærð liggur formið á gólfinu sem gjallarhorn viðskiptalífsins sem úr ómar „Mök“. Máski töfraorðið sem þarf til að allt verði eins og á að vera, þ.e. ef ekki dugar að skella saman hælum í þrígang og hugsu heim. Jóna leikur skemmtilega með rýmið en að sama skapi er eins og hún hafi ekki alveg ákveðið sig hvort betra væri að



Morgunblaðið/Valdís Thor

Mök „Máski töfraorðið sem þarf til að allt verði eins og á að vera.“

vanda sig eða sleppa af sér beislinu. Formheimurinn sjálfur er hins vegar vel heppnaður með fagurfræði og fantasíu í fyrirrími.

Jón B. K. Ransu



Veröndin böðuð só! Blúsmennirnir Halldór Bragason, Björgvin Gíslason og dr. Róbert Þórhallsson leika á kölska í Ketilhúsinu annað kvöld.

Gamli skrattinn Legba kveðinn í kútinn

Veröndin spilar Mississippi blús í Ketilhúsinu annað kvöld kl. 20

VERÖNDIN býður Norðlendingum til samkallaðrar verandarstemningar að hætti blúsmanna í Mississippi forðum, þegar blúsinn var í árdaga. Tónleikar Verandarinnar á Listasumi á Akureyri, verða í Ketilhúsinu annað kvöld kl. 20.

Þjóðsaga í Mississippi segir að ef blúsmenn bíði við krossgötur í myrkri, þá komi gamli skrattinn Legba og stilli gítar þeirra. Þetta

hafi þau áhrif að blúsmenn geti öðlast snilligáfu og dáleitt áheyrendur.

Sumir segja að Verandarvanir þremmingarnir, gítarleikarinn Björgvin Gíslason og Halldór Bragason og dr. Róbert Þórhallsson bassaleikari, hafi einmitt hitt Legba á krossgötum nýverið og ætli að kveða hann í kútinn í Ketilhúsinu annað kvöld, og víst er að þeir kunna að spila blús án hjálpar skrattakollins.

CARNEGIE ART AWARD

2008

EIN STÆRSTU MYNDLISTARVERÐLAUN Í HEIMI KYNNNA
26 NORRÆNA MYNDLISTARMENN

Í LISTASAFNI KÓPAVOGS – GERÐARSAFNI
HAMRABORG 4 | KÓPAVOGI | 19. JÚNÍ – 10. ÁGÚST
OPIÐ ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA KL 11 – 17
LEIDSÖGN MIÐVIKUD. KL. 12 OG SUNNUD. KL. 15

WWW.GERDARSAFN.IS | WWW.CARNEGIEARTAWARD.COM

Iðnaðartjöld

Tilvalið fyrir stærri viðburði og allskonar iðnað sem þarf meira pláss



Ódýrir fermetrar



82 fermetrar
15m á lengd
5.5 á breidd
5.3 á hæð
Verð 6.980 evrur



182 fermetrar
20 m lengd
9,15 m breidd
4,5 m hæð
Verð 13.840 evrur

Auðvelt í uppsetningu og hentar vel íslensku veðurfari.

Bændur! ekki missa af þessu. aðeins nokkur tjöld eftir til afgreiðslu strax.

erum sveigjanlegir í samningum

Nánari upplýsingar
síma 6607750

www.maggigardars58@gmail.com